

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús,
nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.32 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/421 frá 24. febrúar 2023 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.32.
- 2.39 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2023/419 frá 24. febrúar 2023 um framkvæmd 8. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.39.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 8. maí 2023.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.32.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/421

frá 24. febrúar 2023

um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu

Ákvörðunin skal gilda til 28. febrúar 2024 (Efnisúrdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/421/oj>.]

Fylgiskjal 2.39.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/419

frá 24. febrúar 2023

um framkvæmd 8. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús og þátttöku Belarús í árásum Rússa gegn Úkraínu

I. viðauka við reglugerð 765/2006 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisúrdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/419/oj.]